

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 104/2015****2016/EES/42/31****frá 30. apríl 2015****um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun
og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 243/2012/ESB frá 14. mars 2012 um að koma á stefnuáætlun til margra ára varðandi fjarskiptatíðniróf ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/195/ESB frá 23. apríl 2013 um skilgreiningu á hagnýtu fyrirkomulagi, samræmdum sniðum og aðferðafræði í tengslum við skrána yfir tíðniróf sem komið var á fót með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 243/2012/ESB um að koma á stefnuáætlun til margra ára varðandi fjarskiptatíðniróf ⁽²⁾.
- 3) XI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við á eftir lið 5cl (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB) í XI. viðauka við EES-samninginn:

„5cla. **32012 D 0243**: Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 243/2012/ESB frá 14. mars 2012 um að koma á stefnuáætlun til margra ára varðandi fjarskiptatíðniróf (Stjtíð. ESB L 81, 21.3.2012, bls. 7).

5claa. **32013 D 0195**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/195/ESB frá 23. apríl 2013 um skilgreiningu á hagnýtu fyrirkomulagi, samræmdum sniðum og aðferðafræði í tengslum við skrána yfir tíðniróf sem komið var á fót með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 243/2012/ESB um að koma á stefnuáætlun til margra ára varðandi fjarskiptatíðniróf (Stjtíð. ESB L 113, 25.4.2013, bls. 18).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar nr. 243/2012/ESB og framkvæmdarákvörðunar 2013/195/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

(¹) Stjtíð. ESB L 81, 21.3.2012, bls. 7.

(²) Stjtíð. ESB L 113, 25.4.2013, bls. 18.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.